



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 140/599  
komudagur 1.12.2011

Reykjavík, 8. desember

2011

R11110044

175


Alþingi - nefndasvið

við Austurvöll  
150 Reykjavík

***Tillaga til þingsályktunar um höfuðborg Íslands***

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn skrifstofustjóra borgarstjórnar frá 22. f.m. um tillögu til þingsályktunar um höfuðborg Íslands ásamt greinargerð.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósríti.

  
Helga B. Laxdal  
e.u.





## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjórnar

---

***Umsögn um tillögu til þingsályktunar um höfuðborg Íslands. 29.mál, þskj. 29 á 140. löggjafarþingi 2011–2012.***

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Reykjavíkurborgar um þingsályktunartillögu um höfuðborg Íslands, mál 29 á 140. löggjafarþingi.

Við samþykkt nýrra sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 var í fyrsta sinn kveðið á um það í lögum að Reykjavík væri höfuðborg Íslands en í 10. gr. kemur fram að Reykjavík er höfuðborg Íslands og að í Reykjavíkurborg nefnist sveitarstjórnin borgarstjórn, byggðarráð nefnist borgarráð, framkvæmdastjóri nefnist borgarstjóri og oddviti nefnist forseti borgarstjórnar. Í lögnum kemur þó ekkert fram um inntak þess að vera höfuðborg.

Í sóknaráætluninni *Ísland 2020* er m.a. miðað að því að auka valddreifingu og efla stjórnsýslu. Með vísan til þess má álykta að eðlilegur hluti þeirrar framkvæmdar sé að hefja viðræðu ríkisvaldsins og borgaryfirvalda um samkomulag sem skýrgreindir ekki einungis réttindi, heldur einnig skyldur Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar Íslands. Tekið er undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með tillögunni að skyldur Reykjavíkurborgar sem sveitarfélags og miðstöð stjórnsýslu í landinu eru víðtækari en annarra sveitaarféлага. Einnig er nauðsynlegt að tryggja þau réttindi að samráð verði haft við borgaryfirvöld um ákvarðanir ríkisvaldsins sem snerta mikilvæga hagsmuni borgarbúa.

Reykjavíkurborg vill einnig benda á tillögu sendinefndar Evrópuráðsins sem gerði úttekt á stöðu sveitarféлага hér á landi og skilaði skýrslu árið 2010 þar sem m.a. var lagt til að Reykjavík yrði tryggð sérstök staða, sjá hér: <https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=1589057>. Einnig ber að huga að margvíslegum ákvæðum í nýjum skipulagslögum nr. 123/2010 þar sem reynir á stöðu höfuðborgarinnar en bent skal á að öll sjö sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skulu setja sér sameiginleg markmið varðandi byggðaðpróun auk þess sem nú er að hefjast vinna við fyrstu landsskipulagsstefnu fyrir Ísland. Jafnframt er bent á að hafa þarf í huga inntak staðfestan sjálfstjórnarrétt sveitarféлага við vinnu þingsályktunartillögunnar.

Hugmyndinni um sérstakan höfuðborgarsamning þar sem skýrgreindar verða skyldur Reykjavíkurborgar og réttindi sem höfuðborgar er því fagnað. Reykjavíkurborg hefur fullan

hug á því að taka þátt í þeirri vinnu frá upphafi sem snýr að undirbúningi viðræðna með sérstakri athugun á stöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar og stöðu höfuðborgar í helstu grannlöndum í aðdraganda viðræðnanna.

Virðingarfyllst  
Helga B. Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar